

Það mörgu leyti, guðdómlegu Hávamálum, „fegurst skal mæla, er vér fláast hyggjum“, til þess að koma fram ásetningi sínum, en það ráð átti að eins að upptakast, er óleyfilegur verknaður var framinn. Menn líta öðruvísi á það nú. Óleyfilegur verknaður er aldrei undir nokkrum kringumstæðum leyfilegur, og því er það mannfélagsglæpur, að mæla fagurt með flárri hyggju.

Það útheimtist meira nú en áður fyr til þess að vera í raun og sannleika eitthvað, heiminum er altaf að miða á þann hátt áfram, og það er þess vegna kannske, að freistingin virðist nú meiri til þess, að stefna fyrir neðan það takmark. Baráttan fyrir fullkomleikanum er meiri og erviðari, en hún hefir nokkru sinni verið, — torfærurnar stærri að yfirstíga, leiðin lengri, — en kraftar alls fjöldans engu meiri, en áður hefir verið. Í framsóknarbaráttu þessari kallar röddin, sem Ibsen lætur illvættina segja við Peer Gynt, til fjölda margra, og mörgum hattir við að hlýða þeirri rödd. Hún er einkunnarorð þreytunnar og kjarkleysisins, er gægist inn í hugskot manna, þrátt fyrir allan þeirra góða ásetning, og býður að virðist léttari kostinn, sem margur grípur fegins hendi við. Þegar Peer er rétt að komast til þeirrar hugsjónar, er aðst var í sálu hans, og ætlar að byrja að lifa sínu betra lífi, stendur hann aftur augliti til auglitis við hugsjón eigingirnninnar og spillingarinnar. Skáldið lætur tvær konur tákna þessar hugsjónir. Önnur er sú, sem getur með kærleika sínum og heilagleik frelsað hann, lyft honum á æðra stig, upp yfir sjálfselsku og blindar girndir, upp yfir óæðri tilveru; hún er Sólveig, ímynd þess engilhreina í mannlífnu, í mynd þeirra ósenu engla, er búa í hjarta og hugskoti sumra vorra samferðamanna og gjöra oss öllum lífið bærilegt, og oft á tíðum fult sælu, réttlætis og fagnaðar. Hin ímyndin, eigingirnninnar og þess lægsta í mannlegri sál, er tröllkonan. Hana hafði hann áður þekt, á hennar valdi hafði hann áður verið. En svo kemur til hans verndarengillinn upp á reginfjöll, þangað sem hann hafði flúið undan mönnum, undan refsingu, undan sínum eigin misgjörðum. Hún var konungsdóttirin, er ætlaði að gjöra hann að konungi, og hann var í svipinn alsæll. Hann gat nú farið að lifa það fullkomnasta upp af öllum sínum draumum,